

# Aðalfundur Foreldrafélags Núps - Fundargerð

**Staður:** Leikskólinn Núpur

**Dagsetning:** 2. október 2019

**Tími:** 20:30

**Fundarritari:** Auður

**Mæting,** stjórn: Halldóra, Auður, Kristín Fanney og Ester Ósk. Svana leikskólastjóri, Ása fulltrúi kennara ásamt 8 öðrum foreldrum.

**Dagskrá aðalfundar** → Atburðir vetrarins 2018-2019, Kristín gjaldkeri fór yfir rekstrarreikning ársins og útskýrði kostnaðarliði. Kosning í nýjastjórn, ákvörðun um árgjald, umræður foreldra og að lokum kynnir Svana starfsemi foreldraráð og kosning í ráðið fyrir komandi vetur.

Byrjað var að fara yfir dagskrá fundar og fyrri stjórn kynnt. Farið var yfir helstu viðburði síðasta árs og helstu verkefni stjórnar. Fáir viðburðir voru fyrir áramót vegna þess að það er ekki hægt að áætla hversu miklum fjármunum foreldrafélagið fær fyrr en á eindaga. Eftir áramót voru fleiri viðburðir á vegum félagsins og dansinn kostnaðarmestur. Góð umræða skapaðist um hann og foredrar og börn almennt ánægðir með hann. Foreldrafélagið ætlar þó að kanna aðra valkosti og kom hugmynd fram um Jóhann örn frá Dansi og Jóga. Fimleikafjórið kom sterkt inn þetta árið sem og fyrirlesturinn sem KVAN stóð fyrir.

Kristín fór yfir rekstrarreikning frá síðasta skólaári og ekkert sem kom á óvart þar. Eins og áður kostaði dansinn mest. Ágætis afgangur var eftir viðburðina og var gjöfin frá foreldrafélaginu vegleg, gjöfin var taska með bangsanum Blæ fyrir yngstu börnin. Eftirstöður reiknings er 12.539 kr.

Óskað var eftir framboðum í stjórn Forleldrafélagsins fyrir árið 2019-2020. Áfram í stjórn eru: Halldóra (barn á Höfða), Kristín Fanney (börn á Hvammi og Lundi), Ester Ósk (barn á Þúfu) og Auður (börn á Brekku og Lundi). Ása verður áfram fulltrúi kennara. Nýjir stjórnarmeðlimir eru: Magðalena (börn á Brekku og Lundi), Tinna (barn á Höfða), Adda (barn á Brekku) og skoðunarmaður reikninga er Þórhalla (barn á Hvammi).

Allir á fundinum samþykktu að halda árgjaldinu 5.900 kr.

Áhugaverðir atburðir fyrir börnin voru rædd og komu skemmtilegar hugmyndir fram eins og skyndihjálparnámskeið fyrir foreldra, hárgreiðslunámskeið fyrir foreldra, málþroska námskeið, hugarfrelsi-innri ró, RIE (Respectful parenting), fjöruferð eða ferð í Guðmundarlund í glens. Foreldrar ánægðir með að halda gott fræðslunámskeið með leikskólanum Dal. Umræður sköpuðust um ljósmyndarann sem kom í skólann og tók myndir af krökkunum sem foreldra gátu síðan keypt. Flestir ánægðir með Eirík sérstaklega þar sem hægt var að velja úr nokkrum myndum til að kaupa.

Svana kynnir foreldraráð og segir það vera skylduráð í leikskólum. Ráðið tekur þátt í meiriháttar breytingum sem varða skólann eða skólastarfið almennt. Segir frá helstu málefnum og atriðum er varða leikskólans. Bryndís hafði sent út póst og óskað eftir framboði og voru tvær mæður sem buðu sig fram. Það voru Anna Jóna mamma Dagnýjar Kötlu og Emblu og Adda mamma Orra. Árdís mamma Áslaugar á Lundi ætlar að sitja áfram í ráðinu og Þórhalla mamma Bergvins á Hvammi bauð sig fram á aðalfundinum. Umræður sköpuðust um Lóð leikskólans og appið Völu sem vonandi fer í loftið hvað og hverju.

Fundi lokið um 21:20.

Fyrsti fundur foreldrafélagsins settur á dagskrá miðvikudaginn 9. október kl. 20:30.